



## FUNDARGERÐ

### 27. fundur Odda bs

haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 19. ágúst 2024  
og hófst hann kl. 08:15.

#### Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri situr fundinn undir liðum 1-3.

#### Dagskrá:

##### 1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2024 - 2402043

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstur byggðasamlagsins janúar-júlí 2024.

##### 2. Niðurfelling eldri innheimtukrafna Odda bs - 2408021

Lagður fram listi yfir kröfur að upphæð kr. 1.649.951 frá 2020 og eldri sem lokið hafa innheimtuferli án árangurs og eru fyrndar og lagt til að þær verði afskrifaðar úr bókhaldi Odda bs.

Kröfurnar eru nú þegar á niðurfærslu og afskriftin hefur því ekki áhrif á rekstramiðurstöðu ársins 2024.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu að niðurfærslu krafna.

##### 3. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2024. Viðaukar - 2408022

Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Odda bs. 2024

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir tillögu að viðauka 1 fyrir Odda bs.

Lagður fram viðauki 1 við rekstraráætlun Odda bs 2024. Greinargerð fylgir viðaukanum. Viðaukinn gerir ráð fyrir auknum rekstarkostnaði að fjárhæð kr. 8.000.000 sem stafar af aukningu á stöðugildi í grunnskólanum á Hellu, auknum launakostnaði í mótuneytinu á Hellu vegna forfalla og framlags til húsgagnakaupa í Laugalandsskóla. Óskað er eftir að viðaukanum verði mætt með hækkun á framlögum sveitarfélaganna frá Ásahreppi kr. 1.256.000 kr. og Rangárþingi ytra kr. 6.744.000.

Stjórn Odda samþykkir viðaukann fyrir sitt leyti og vísar honum til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

##### 4. Skólustjórar Odda bs. Stöðuyfirlit. - 2401049

Á fundinn mæta Sigrún Björk Benediktsdóttir leikskólustjóri á Laugalandi og Ingigerður Stefánsdóttir leikskólustjóri Heklukots og fara yfir stöðu mála í sínum skólum. Mönnun

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "10/11", "167", and "37".

leikskólanna er í góðum farvegi og fyrirséð að það náist að taka inn leikskólabörn þegar þau hafa aldur til. Gert ráð fyrir að um 85 börn verði á Heklukoti og um 43 á leikskólanum á Laugalandi.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

#### 5. Laugalandsskóli - One skjalakerfi - 2408019

Lagðar fram upplýsingar um að Laugalandsskóli vilji fara að nota One skjalakerfi sveitarfélagsins vegna skjalavörslu í skólanum.

Stjórn styður hugmyndir Laugalandsskóla um að nota One skjalavistunarkerfi sveitarfélagsins.


#### 6. Þróun leikskólastarfs - 2403081

Fundargerð starfshóps frá 25. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.


Lögð er fram tillaga að næsti stjórnarfundur Odda bs. verði mánudaginn 9. sept. nk. kl. 8.15 á Laugalandi en eftir þann fund verði reglulegir stjórnarfundir Odda bs. fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 8:15.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45.**

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Eggert Valur Guðmundsson

  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson

  
Ísleifur Jónasson

  
Ólafur Ólafsson

  
Jón Z. Valsson